



VERKLAGSREGLUR STYKKISHÓLMSBÆJAR
UM SAMÞYKKT VIÐAUKA OG HEIMILDIR VEGNA TILFÆRSLU
Á MILLI DEILDA SEM OG MILLI FJÁRFESTINGAVERKEFNA

1. gr.

Heimildir vegna tilfærslu á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar

Verði breytingar á stöðugildum starfsmanna, aukning á launakostnaði eða tilfærsla á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar skal viðkomandi forstöðumaður leggja tillögu fyrir bæjarráð, ásamt minnisblaði eða öðrum gögnum, þar sem fram kemur hvaða áhrif tillagan muni hafa á samþykktu fjárhagsáætlun. Heimilt er að færa á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar allt að 5 milljónum króna án samþykktar bæjarstjórnar.

2. gr.

Heimildir vegna millifærslu milli deilda

Ef fjárhagslegar ráðstafanir sem ekki er gert ráð fyrir í samþykktri fjárhagsáætlun snerta fleiri en eina deild skal ætíð leggja fram viðauka. Viðkomandi forstöðumaður leggur fyrir bæjarstjóra tillögu ásamt minnisblaði eða öðrum gögnum, þar sem fram kemur hvaða áhrif tillagan muni hafa á samþykktu fjárhagsáætlun. Bæjarstjóri ber ábyrgð á að leggja gögnin/málið fyrir bæjarráð. Lágmarksfjárhæð vegna millifærslu milli deilda er 1 milljón króna. Fjárhæðum undir 1 milljón króna skal finna svigrúm innan viðkomandi deildar.

3. gr.

Lágmark fjárhæðar sem leita þarf samþykkis fyrir með viðauka

Ætíð skal leitast við að finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks sem ráðstöfunin snertir áður en leitað er að svigrúmi annarsstaðar. Lágmarksfjárhæð sem leita þarf samþykkis fyrir með viðauka er 1 milljón króna. Fjárhæð undir 1 milljón króna skal finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks.

4. gr.

Heimildir vegna fjárfestinga og tilfærslu milli verkefna

Bæjarstjóra eða forstöðumanni þjónustumiðstöðvar í samráði við bæjarstjóra er heimilt að hliðra til verkefnum í framkvæmda- og/eða fjárfestingaáætlun án samþykkis bæjarstjórnar, svo fremi að breytingin nemi ekki hærri fjárhæð en 5 milljónum króna og rúmist innan áður samþykktar heildarfjárhæðar til fjárfestinga og framkvæmda í fjárhagsáætlun ársins. Sé fjárhæð tilfærslu milli verkefna yfir 5 milljónum króna fer sú tillaga frá bæjarstjóra til umræðu og afgreiðslu í bæjarráði og síðan til samþykktar í bæjarstjórn. Fjárfestingar og/eða framkvæmdir sem ekki rúmast innan áður samþykktar fjárhæðar í fjárhagsáætlun skal ætíð gera viðauka um. Tillögu ásamt upplýsingum eða öðrum gögnum þar sem fram kemur hvernig útgjöldunum verði mætt og hvaða áhrif tillagan muni hafa á samþykktu fjárhagsáætlun skal leggja fyrir bæjarráð. Bæjarstjóri ber ábyrgð á að leggja gögn og upplýsingar fyrir bæjarráð í samráði við bæjarrita, og eftir atvikum forstöðumann þjónustumiðstöðvar.



5. gr.

Málsmeðferð viðauka

Viðauki skal fá eina umræðu í bæjarráði áður en hann er lagður fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Í bókun bæjarráðs skal þess gætt að skýrt komi fram upplýsingar um eðli breytinga, fjárhagsleg áhrif og hvernig lagt sé til að útgjöldunum eða fjárfestingunni verði mætt. Geri bæjarráð breytingartillögu skal koma fram í hverju breytingin felst.

Viðaukinn við fjárhagsáætlun ásamt fylgigögnum er lagður fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Sé viðaukinn samþykktur skal hann bókaður og ber bæjarritari ábyrgð á að fjárhagsáætlun sé uppfærð til samræmis við samþykka viðauka og að viðaukar séu sendir Hagstofunni innan tilskilinna tímamarka.

Þannig samþykkt á 385. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 26. mars 2020